

Föstudagur, 7. nóvember 2003

207. fundur samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 42/2003

Kvörtun Apple Computer Inc. yfir notkun Aco Tæknivals hf. á léninu apple.is

I.

Málavextir

Með bréfi Hróbjarts Jónatanssonar hrl., f.h. Apple Computer Inc., dags. 25. júlí 2003, er með vísan til 20., 21. og 25. gr. samkeppnislaga kvartað yfir notkun Aco Tæknivals hf. á léninu apple.is. Apple Computer krefst þess að samkeppnisráð grípi til aðgerða gegn Aco Tæknivali (hér eftir nefnt ATV) vegna óheimilar notkunar á vörumerkinu Apple í léninu apple.is og banni notkun þess og/eða leggi fyrir félagið að afskrá lénið.

Fram kemur að Apple Computer sé heimsþekkt vörumerki á sviði framleiðslu á tölvum og ýmiskonar hugbúnaði. Fyrirtækið sé eigandi vörumerkisins Apple í flokki 9 (tölvur, tölvutengibúnaður og tölvuhugbúnaður) og í flokki 16 (pappír, skrifstofutæki o.fl.) á Íslandi.

ATV er fyrirverandi dreifingaraðili fyrir Apple tölvur, hugbúnað og tölvutengdar vörur á Íslandi. Lénið apple.is var skráð á nafn ATV, þann 20. nóvember 2002, í ljósi samninga milli Aco hf., síðar ATV, og Apple Computer sem vörðuðu dreifingu Apple tölvuvara. Um var að ræða tvo samninga, annars vegar sk. „*Independent Marketing Agreement*“, frá 13. ágúst 1998, og hins vegar sk. „*Localization Agreement*“, sem tók gildi 22. júlí 1998, og varðar meðferð hugverkaréttinda Apple. ATV var sk. „*Independent Marketing Company*“ og naut tiltekinna réttinda til að nota vörumerki Apple.

Rakið er að framangreindum samningum var sagt upp bréflega frá og með mars 2003. Í bréfunum hafi sérstaklega verið vísað til skyldna ATV, skv. 11. gr. samningsins, en þar segi að félaginu sé skylt að hætta allri notkun og meðferð á hugverkaréttindum Apple, hverju nafni sem þau nefnist. Þá hafi sérstaklega verið minnst á skyldu til að stöðva alla notkun á vörumerkjaréttindum Apple.

Þá kemur fram að þrátt fyrir ítrekaðar kröfur Apple Computer um að ATV láti af allri notkun á vörumerkjum Apple hafi félagið neitað að verða við þeirri kröfu og að umskrá lénið yfir á nafn nýs umboðsaðila Apple á Íslandi.

Fram kemur að Apple Computer sendi úrskurðarnefnd léna erindi, þann 28. maí 2003, þar sem þess var óskað að lénið yrði umskráð á nafn núverandi umboðsfyrirtækis Apple Computer þar sem ATV hefði ekki lengur heimild til þess að nota vörumerkið. Nefndin hafi hinsvegar talið það utan síns valdsviðs að fjalla efnislega um erindið þar sem ATV hefði verið í góðri trú þegar lénið var skráð.

Að mati Apple Computer brýtur notkun ATV á léninu apple.is gegn 25. gr. samkeppnislaga, sbr. og 20. og 21. gr. sömu laga, þar sem ljóst sé að ATV hagnýti sér skráð vörumerki í eigu Apple Computer án þess að hafa til þess heimild og þrátt fyrir að hafa beinlínis verið bönnuð notkunin. Forsenda þess að vörumerki verði skráð sem lénsheiti af öðrum en eiganda vörumerkis sé að eigandi heimili slíkt, sbr. 4. gr. laga um 45/1997 um vörumerki. Í þessu sambandi er m.a. vísað til dóms Hæstaréttar í máli United Parcel Service of America Inc. gegn Úps! ehf.¹ en auglýsingaþjónustunni Úps var bannað að nota lénið ups.is í atvinnustarfsemi og gert skylt að afskrá það.

Fram kemur að vörumerkið Apple sé heimsþekkt vörumerki sem njóti mikillar viðskiptavildar hvar sem er í heiminum og af þeim sökum njóti það rýmri réttarverndar á grundvelli sn. Kodak-kenningar um heimsfræg vörumerki. Þá sé vörumerkið jafnframt firmanafn og njóti verndar sem slíkt á grundvelli Parísarsáttmálans.

Þá er að lokum rakið að engir samningar séu lengur á milli Apple Computer og ATV um sölu á vörum frá Apple. Allar heimildir ATV til að hagnýta sér vörumerkjarétt Apple séu fallnar niður. ATV flytji inn Apple tölvur frá Bandaríkjunum en slíkt sé brot á söluskilmálum Apple fyrir sölu á tölvum í Bandaríkjunum. Innflutningurinn stríði gegn reglunni um tæmingu réttinda og brjóti gegn vörumerkjarétti Apple Computer. Ýmis tilboð á þessum ólöglega innfluttu vörum séu auglýst á léninu apple.is og gefi neytendum þannig í skyn að þeir njóti ábyrgðar og þjónustu Apple Computer. Slíkt sé rangt. Þannig misnoti ATV vörumerki Apple Computer og villi um fyrir neytendum með starfrækslu lénsins apple.is sem stríði gegn ákvæðum 20. og 21. gr. samkeppnislaga. Fram kemur að ATV hafi ólöglega afritað og dreift íslenskum staðfærsluhugbúnaði við MAC OS X stýrikerfi Apple tölva og m.a. dreift hugbúnaðinum ólæstum á vefnum www.apple.is. Þetta hafi valdið verulegu fjártjóni og lögbann verið sett á þá dreifingu, staðfestingarmál höfðað og háttsemin kærð til lögreglu. Þá er enn ítrekað að engir samningar séu milli Apple Computer og ATV sem heimili félaginu að nota vörumerki Apple Computer. Heimildarlaus notkun ATV á léninu apple.is sé gróft brot á samkeppnislögum og lögum um vörumerki.

¹ Mál nr. 268/2002.

Með erindinu fylgdu ýmis gögn, s.s. afrit samninga Apple Computer og ATV og afrit bréfa þar sem samningunum er sagt upp.

II.

Málsmeðferð

1.

Samkeppnisstofnun sendi erindi Apple Computer til umsagnar ATV með bréfi dagsettu 28. júlí 2003. Svar ATV barst með bréfi Einars Þórs Svverrissonar hdl., dags. 6. ágúst 2003.

ATV gerir þær kröfur að málinu verði vísað frá þar sem varnarþing samningsaðilanna sé í Utrecht í Hollandi. Þá skorti lagaheimild til að hlutast til um málið. Jafnframt er gerð sú krafa að ekki verði gripið til aðgerða gegn ATV vegna notkunar þess á vörumerki Apple í léninu apple.is.

Rakið er að ATV hafi verið umboðsaðili fyrir tölvuvörur frá Apple Computer þar til samningum hafi verið sagt upp. Þegar ATV hafi sótt um lénið apple.is hafi ATV verið í samningssambandi við Apple Computer. Óumdeilt sé að þegar ATV hafi verið úthlutað léninu hafi það verið í fullum rétti til að fá lénið skráð hér á landi. Þrátt fyrir að samningssamband sé ekki lengur milli ATV og Apple Computer selji ATV enn vörur frá Apple Computer. Þær vörur séu fluttar inn frá umboðsaðilum erlendis, einkum í Bandaríkjunum. Því er mótmælt að eitthvað sé athugavert við þann innflutning og að hann gangi gegn reglu vörumerkjaréttar um tæmingu réttinda.

Fram kemur að fyrir liggi að ATV hafi selt Apple vörur í mörg ár samkvæmt samningi frá árinu 1998. ATV reki enn og muni reka viðgerðarþjónustu fyrir Apple vörur. Þá sé ATV í ábyrgð fyrir þær vörur sem það seldi á meðan félagið var enn umboðsaðili fyrir Apple Computer, auk þess sem ATV sé í ábyrgð fyrir þær Apple vörur sem það selji í dag og muni selja um ókomna tíð. Því sé ljóst að á ATV hvílir lagaskylda gagnvart fjöldamörgum kaupendum og hafi því enn beina tengingu við vörumerkið Apple. Á grundvelli þess telur ATV ekkert mæla því í mót að notkun á léninu apple.is sé að fullu heimil.

Um að ágreiningur málsaðila eigi samkvæmt samningi þeirra að heyra undir hollensk lög er vísað til samnings aðilanna þar sem fram kemur að fara eigi með slíkan ágreining fyrir dómstól í Utrecht. Málið falli því ekki undir íslenska stjórnisýslustofnun og því beri að vísa málinu frá.

Hvað varðar ákvæði 25. gr. samkeppnislaga byggir ATV á því að greinin eigi ekki við um þann ágreining sem til staðar sé í þessu máli. Þannig vísi fyrri málsliður

greinarinnar til þess að í atvinnustarfsemi sé óheimilt að nota firmanafn, verslunarmerki eða því líkt sem sá hafi ekki rétt til er notar það með einum eða öðrum hætti. Ljóst sé að í þessu máli sé deilt um réttinn til að nota lén á veraldarvefnum sem óumdeilt sé að hafi verið skráð með löglegum hætti. ATV telur að umrætt lén og notkun þess geti ekki fallið undir orðalag greinarinnar þar sem notkun á léni falli ekki undir hugtakið atvinnustarfsemi nema e.t.v. því aðeins að atvinnustarfsemi beri sama heiti og lén. Slíkt eigi ekki við í þessu máli. Seinni málsliður greinarinnar sé augljóslega byggður á svokallaðri ruglingshættu vörumerkjaréttarins. Þau sjónarmið eigi ekki við í þessu máli en óumdeilt sé að apple.is vísi eingöngu til vörumerkisins Apple. ATV telji sig hafa fullnægjandi tengingu við það vörumerki sem geri það að verkum að ATV geti notað umrætt lén sem sé skráð eign þess hjá ISNIC á Íslandi. Þegar samkeppnisyfirvöld hafi hlutast til í vörumerkjamálu hafi það verið gert á grundvelli ruglingshættu sem ekki eigi við í þessu máli.

Þá telur ATV að 21. gr. samkeppnislaga eigi ekki við í þessu máli þar sem greinin vísi einungis til auglýsinga en notkun á léninu apple.is geti ekki átt við hugtakið auglýsingar.

Fram kemur að ATV telur að vegna starfsemi félagsins, sem m.a. sé að selja löglegar vörur frá Apple Computer, sé ljóst að félagið hafi hagsmuni að því að halda léninu. Notkunin hafi því raunveruleikatengingu bæði frá þeim tíma þegar ATV hafi verið í beinu samningssambandi við Apple og í dag. Þá sé tenging ATV ekki síður vegna skyldna við viðskiptamenn. Jafnframt geri ákvæði í samningi Apple Computer og ATV, Apple Computer það skylt að tryggja að ATV geti þjónustað viðskiptamenn þrátt fyrir að samningurinn sé ekki lengur í gildi. Sé þar um að ræða sjö ára tímabil. Á grundvelli þessa sé einnig ljóst að ATV hafi enn lögvarða hagsmuni til lénsins apple.is og það grundvallað á samningi milli ATV og Apple Computer. Það að lén sé notað til almennrar kynningar og vörusölu eins og gert sé í dag séu lögmætir hagsmunir. Fyrir liggi að ATV noti lénið í því skyni að selja Apple vörur. Því beri að hafna kröfu kvartanda.

Jafnframt kemur fram að með úthlutun á léninu til ATV í upphafi og greiðslu árgjalds til ISNIC hafi skapast notkunarréttur á léninu sem jafna megi við eignarrétt á því ári sem árgjaldið nái til. Sá eignarréttur haldist svo lengi sem árgjaldið sé greitt. Samkeppnisyfirvöld hafi engar valdheimildir til að leggjast gegn notkun aðila á tilteknu léni, a.m.k. ekki eins og mál þetta sé vaxið, og raska með því lögmætum eignarrétti ATV.

ATV mótmælir því að dómur Hæstaréttar í sk. Úps-máli hafi þýðingu við úrlausn þessa máls. Það mál grundvallast á ruglingshættu vörumerkjaréttar en sú hætta sé ekki til staðar í þessu máli. Vefurinn www.apple.is vísi ekki til annars en sölu á löglegum og réttmætum Apple vörum. Þá er því mótmælt að vörumerki verði ekki

skráð sem lénsheiti af öðrum en eiganda vörumerkis eða án heimildar hans. Slíka fullyrðingu sé með engu móti hægt að ráða af 4. gr. laga um vörumerki enda ekki minnst á lén í því ákvæði. Tilvitnaður dómur Hæstaréttar breyti þar engu um. Jafnframt er því mótmælt að ákvæði 20. gr. samkeppnislaga geti átt við í málinu. Ekki sé verið að villa um fyrir neytendum með starfrækslu lénsins apple.is. Hvað varðar afritun og dreifingu staðfærsluhugbúnaðar segir að sá ágreiningur hafi enga þýðingu í þessu máli.

Að lokum er því mótmælt sem röngu að engir samningar séu milli ATV og Apple Computer. Eins og bent hafi verið á sé Apple Computer skylt að þjónusta ATV með varahluti.

2.

Svar ATV var sent lögmanni Apple Computer til umsagnar með bréfi Samkeppnisstofnunar, dags. 18. ágúst 2003. Svar Apple Computer er dagsett 1. september 2003.

Rakið er að krafa ATV um frávísun eigi ekki við rök að styðjast. Ótvírætt sé að ágreiningurinn eigi undir valdsvið Samkeppnisstofnunar. Tilvísun til varnarþingsákvæða í dreifingarsamningi sé þýðingarlaus enda ágreiningslaust að samningar milli aðila séu fallnir niður.

Hvað varðar fullyrðingu ATV um að Samkeppnisstofnun skorti lagaheimild til að fjalla um ágreininginn segir að slíkt sé rakalaust. Bersýnilegt sé að notkun ATV á vörumerkinu Apple sé í atvinnustarfsemi eins og reyndar sé gerð grein fyrir í athugasemdum ATV.

Um þá kröfu ATV að Samkeppnisstofnun grípi ekki til aðgerða segir að röksemdafærslu skorti algerlega. Eðli málsins samkvæmt sé sýnt fram á rétt félagsins til að nota vörumerkið Apple í sinni starfsemi. Ágreiningslaust sé að engir samningar séu í gildi milli aðila og engin heimild sé nú til staðar frá Apple Computer til handa ATV til þess að starfrækja lén undir vörumerkinu Apple. Því séu einu rök ATV þau að þar sem félagið selji innfluttar Apple vörur sé félaginu rétt að nota vörumerkið eins og það væri eign félagsins. Slík rök séu fráleit og beri vott um skort á skilningi á grundvallaratriðum í vörumerkjarétti. Þó ATV kunnir að selja vöru sem Apple Computer hafi framleitt og veiti viðgerðarþjónustu sé fráleitt að í því felist réttur til handa ATV að nýta vörumerkið með þeim hætti sem raun beri vitni. Sitthvað sé að kynna markaðnum að ATV selji Apple vörur, s.s. með auglýsingum, og svo hitt að reka starfsemina undir vörumerkinu Apple líkt og ATV sé hluti Apple fyrirtækisins. Endursala á vöru undir tilteknu vörumerki veiti seljanda ekki rétt til að nýta vörumerkið í atvinnustarfsemi sinni.

Að lokum segir að það sem skipti máli sé að Apple Computer eigi vörumerkið Apple og það sé háð ákvörðun þess hverjir af samstarfsaðilunum fái að nýta vörumerkið. Óumdeilt sé að við uppsögn á samningnum við ATV hafi samningsbundna heimildin til að reka lén undir vörumerki Apple fallið niður. Öll notkun ATV á vörumerkinu í óþökk Apple Computer sé því brot á lögvernduðum vörumerkjaréttindum og þ.m.t. samkeppnislögum. Hvað varði þá staðhæfingu ATV að með greiðslu árgjalds til ISNIC hafi stofnast eignarréttur þá séu þau rök fráleit.

3.

Svar Apple Computer var sent ATV til umsagnar með bréfi dagsettu 1. september 2003. Svárið er dagsett 9. september 2003 og þar eru m.a. ítrekuð þau sjónarmið að ágreiningur aðilanna skuli leystur fyrir dómstóli í Hollandi. Þó samningurinn sé ekki lengur í gildi eigi ákveðin ákvæði hans enn við, þ.m.t. ákvæði um varnarþing. Í eðli máls geti ekki falist að ákvæði um varnarþing falli niður þegar samningnum sé lokið. Það sé oft í lok samningstíma sem ágreiningur rísi með aðilum og þá reyni á slík ákvæði.

Ítrekuð eru þau sjónarmið ATV að notkun á léninu apple.is sé ekki í atvinnustarfsemi. Einungis sé um að ræða lén en ekki heiti á atvinnustarfsemi. Samkeppnisstofnun bresti því lagaskilyrði fyrir að hlutast til um ágreiningsefnið.

Rakið er að eins og bent hafi verið á í fyrra bréfi ATV telji félagið sig hafa fullkomna heimild til að nota umrætt lén, en það sé notað til að bjóða og kynna Apple vörur sem fengnar séu með fullkomlega lögmætum og réttmætum hætti. Rökin geti því ekki verið fráleit. Notkun lénsins geti með engu móti falið í sér yfirlýsingu um að ATV sé hluti af Apple fyrirtækinu. Staðreyndin sé sú að ATV noti lénið apple.is til að selja vörur sem fengnar séu með lögmætum hætti. Ekki sé hægt að draga neinar víðtækari ályktanir af þeirri notkun.

Fram kemur að Apple Computer hafi lagt fram beiðni um lögbann á innflutning ATV á Apple vörum frá Bandaríkjunum. Það hafi verið gert á þeim grundvelli að slíkt væri í andstöðu við reglur um tæmingu vörumerkjaréttar. Lögbannið hafi ekki náð fram að ganga. Með þessu hafi komið í ljós sá eindregni vilji Apple Computer að hindra samkeppni með þessar vörur hér á landi. Slíkt sé ekki í samræmi við anda samkeppnislaga, sbr. m.a. 1. gr. þeirra. Þá hafi Apple Computer stöðvað sölu evrópskra aðila á Apple vörum til ATV. Í undirbúningi sé kæra á hendur Apple Computer vegna ólögmætrar sölusynjunar innan EES svæðisins.

Að lokum er tekið fram að réttur til léns geti ekki flokkast sem annað en eignarréttur. Til að svipta menn eignarrétti þurfi dóm en ekki ákvörðun stjórnvinstofnunar.

4.

Með bréfum, dags. 16. september 2003, tilkynnti Samkeppnisstofnun málsaðilum að gagnaöflun í máli þessu væri lokið. Jafnframt var fyrirtækjunum tilkynnt að málið yrði lagt fyrir fund samkeppnisráðs til ákvörðunar.

III.

Niðurstöður

Á fundi samkeppnisráðs, þann 7. nóvember 2003, var ákvörðun tekin í þessu máli. Þátt í fundinum tóku Kirstín Þ. Flygenring, Atli Freyr Guðmundsson, Karitas Pálsdóttir, Ólafur Björnsson og Ragnheiður Bragadóttir.

1.

Í máli þessu kvartar Apple Computer yfir notkun ATV á léninu apple.is. ATV var dreifingaraðili fyrir Apple Computer á Íslandi á grundvelli samninga aðilanna og naut tiltekinna réttinda til að nota vörumerki Apple. Skráning lénsins apple.is var gerð á grundvelli samningsins og hefur ATV verið skráður eigandi lénsins frá því í nóvember 2002.

Apple Computer er eigandi vörumerkisins Apple m.a. í flokki tölvuvara á Íslandi. Samningum milli Apple Computer og ATV var sagt upp í mars 2003 og hefur ATV neitað að láta lénið af hendi til nýs umboðsaðila Apple Computer hér á landi. Að mati Apple Computer brýtur notkun ATV á léninu apple.is gegn 25. gr. samkeppnislaga, sbr. og 20. og 21. gr. sömu laga, þar sem ljóst sé að ATV hagnýti sér skráð vörumerki í eigu Apple Computer án þess að hafa til þess heimild og þrátt fyrir að hafa verið bönnuð notkunin.

ATV telur að félagið hafi lögsmæta hagsmuni af notkun lénsins þar sem félagið selji vörur frá Apple og sjái m.a. um viðgerðarþjónustu. Þá telur ATV, með vísan til varnarþingsákvæða í samningi aðilanna, að deilur milli þeirra eigi undir dómstól í Hollandi og því beri samkeppnisyfirvöldum að vísa málinu frá. Þá falli deiluefnið ekki undir 25. gr. samkeppnislaga þar sem notkun léns sé ekki atvinnustarfsemi. Jafnframt hafi eignarréttur skapast á léninu með úthlutun þess og greiðslu árgjalds.

2.

Af hálfu ATV er því haldið fram að ágreining, eins og þann sem mál þetta snýst um, eigi að leysa á grundvelli varnarþingsákvæða samnings aðilanna. Samkvæmt því heyrir málið undir dómstól í Utrecht í Hollandi. Samkeppnisráð telur að varnarþingsákvæðið eigi ekki við í máli þessu. Umræddur samningur er ekki lengur í gildi. Þá snýr ágreiningsefnið að notkun léns sem eingöngu hefur áhrif hér á landi,

sbr. 3. gr. samkeppnislaga. Samkvæmt greininni taka samkeppnislögin til samninga, skilmála og athafna sem hafa eða er ætlað að hafa áhrif hér á landi.

3.

Til stuðnings máli sínu vísar Apple Computer til 20., 21. og 25. gr. samkeppnislaga. Í 20. gr. kemur fram að óheimilt sé að hafast nokkuð það að sem brjóti í bága við góða viðskiptahætti í atvinnustarfsemi eins og þeir eru tíðkaðir eða eitthvað það sem óhæfilegt sé gagnvart hagsmunum neytenda. Ákvæðið er almenn vísiregla að því er varðar viðskiptasiðferði og er ætlað að stuðla að góðum siðum í viðskiptum. Ákvæði 21. gr. tekur m.a. til villandi upplýsinga hvort heldur í auglýsingum eða með öðrum slíkum viðskiptaaðferðum. Þá hljóðar 25. gr. laganna svo:

„Óheimilt er að nota í atvinnustarfsemi firmanafn, verslunarmerki eða því líkt sem sá hefur ekki rétt til er notar eða rekur atvinnu undir nafni sem gefur villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda. Enn fremur er sérhverjum bannað að nota auðkenni, sem hann á tilkall til, á þann hátt að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru einkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti.“

Í greinargerð með frumvarpi til samkeppnislaga nr. 8/1993 kemur fram að í 25. gr. laganna felist almenn samkeppnisregla um vernd auðkenna og sé hún til fyllingar á vörumerkjavernd. Fyrri málsliður greinarinnar hefur að geyma almennt bann við því að nota auðkenni, t.d. firmanafn og vörumerki, sem annar á. Rétturinn til þessara auðkenna getur hvílt á sérhöggjöf svo sem lögum um vörumerki, lögum um verslunarskrár, firmu og prókúruumboð og því um líkt. Samkvæmt greinargerðinni skiptir ákvæðið máli um viðbótarvernd þá sem framangreind sérlög veiti auðkennunum. Þá segir í greinargerðinni að í 2. málslið 25. gr. sé rétturinn til að nota eigin auðkenni takmarkaður á þann veg að óheimilt sé að nota auðkenni þannig að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru auðkenni sem annað fyrirtæki noti með fullum rétti.

Eins og fram hefur komið heldur ATV því fram að notkun á léninu apple.is sé ekki atvinnustarfsemi og eigi greinin því ekki við í málinu. Á léninu apple.is hefur ATV kynnt Apple vörur, viðgerðarþjónustu og ýmis tilboð. Samkeppnisráð fær ekki séð hvernig hægt sé að telja að notkun lénsins sé ekki þáttur í atvinnustarfsemi ATV. Þannig sé léninu ætlað að hafa áhrif á eftirspurn þeirrar þjónustu sem ATV býður og þannig hluti af atvinnustarfsemi félagsins. Þá er rétt að taka fram að í athugasemdum með frumvarpi til samkeppnislaga er tekið fram að skilgreint sé rúmt hvers konar atvinnustarfsemi falli undir það hugtak. Samkeppnisráð fær því ekki séð nein rök fyrir því að notkun lénsins falli ekki undir gildissvið 25. gr. samkeppnislaga. Samkeppnisráð telur því að 1. málsliður 25. gr. komi til álita í máli þessu. Skal því

litið til þess hvort notkun ATV á léninu apple.is gefi villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð.

Að mati samkeppnisráðs gefur notkun annarra en Apple Computer eða umboðsaðila Apple til kynna tengsl við Apple Computer. Fram hefur komið að ATV hefur haldið áfram sölu á Apple vörum og hefur lýst yfir vilja til að halda slíkri sölu áfram. Þá hafi ATV einnig skyldur við þá sem keypt hafa Apple vörur af þeim á undanförunum árum. ATV hafi því enn lögmætan rétt til notkunar lénsins.

Eins og fram hefur komið er óumdeilt að skráning og heimild ATV til lénsins hafi grundvallast á samningi félagsins við Apple Computer. Í umræddum sk. *Independent Marketing Agreement* aðilanna segir m.a. í 4. gr.:

„(a) During the term of this Agreement, IMC² is authorized to use the trademark „Apple“, the Apple logo, and other trademarks belonging or licensed to Apple (the „Trademarks“)...

(b) Notwithstanding the foregoing, nothing contained in this Agreement shall give IMC any ownership interest in any trademark, logo or trade name, patent right, copyright or other intellectual or industrial property right belonging or licensed to Apple...“

Þá segir um atvik við lok samningsins: *„IMC shall immediately cease use of all Apple Trademarks.“*

Óumdeilt er að samningnum var sagt upp í mars 2003. Þá er óumdeilt að heiti lénsins apple.is er í raun skráð vörumerki Apple Computer. Þá kemur fram í samningnum að ATV eignist ekki eignarrétt á auðkennum Apple Computer.

Samkeppnisráð fær því ekki annað séð en að notkun ATV á léninu apple.is, eftir að samningi aðila var sagt upp, brjóti í bága við ákvæði 1. ml. 25. gr. samkeppnislaga þar sem ATV er ekki lengur heimilt að nota vörumerki Apple Computer. Notkun ATV á léninu apple.is gefi villandi upplýsingar um eignarrétt og ábyrgð atvinnurekanda.

Samkeppnisráð telur að notkun ATV á léninu apple.is eftir að samningi við Apple Computer var sagt upp, og það að hafa, þrátt fyrir tilmæli frá Apple Computer, ekki hætt notkun lénsins, brjóti í bága við góða viðskiptahætti samanber ákvæði 20. gr. samkeppnislaga.

² *Independent Marketing Company*, skv. samningnum er það ATV.

Með vísan til alls framangreinds telur samkeppnisráð nauðsynlegt að banna ATV notkun lénsins apple.is og leggur fyrir félagið að láta afskrá lénið.

IV.

Ákvörðunarorð:

„Aco Tæknival hf., Skeifunni 17, Reykjavík, hefur með notkun lénsins apple.is brotið gegn ákvæðum 20. og 25. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993.

Með vísan til 2. mgr. 30. gr. samkeppnislaga bannar samkeppnisráð Aco Tæknivali hf. alla notkun lénsins apple.is og leggur fyrir félagið að afskrá lénið innan tveggja vikna frá birtingu ákvörðunar þessarar.

Verði ekki farið að banninu má gera ráð fyrir að viðurlögum samkeppnislaga verði beitt.“